

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 2. október 2019.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.10.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Karl Georg Klein, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson, Aðalsteinn Valdimarsson og Kristinn Arason. Forföll: Viðar Halldórsson, Sveinn Sigurbergsson og Ragnar Hilmarsson.

Dagskrá:

1. Nafnabreyting á Afreksmannasjóði ÍBH í Afrekssjóð ÍBH

Vakin var athygli á nafnabreytingunni sem var samþykkt á 51. þingi ÍBH 11. maí 2019. Búið er að breyta reglugerð Afrekssjóðs ÍBH, umsóknargáttum heimasíðu ÍBH og umsóknareyðublaði um styrki í samræmi við samþykktina.

2. Nýjar upplýsingar um sjóð fyrir erlend börn og drög að nýjum reglum

Lagt fram til kynningar. Hafnarfjarðarbær hefur ráðið verkefnisstjóra fjölmenningar Ólafu Björk Ívarsdóttur og hefur hún umsjón með sjóðnum. Unnið er að breytingum á umsóknareyðublaði og reglum sjóðsins.

3. Samvinna og öruggara umhverfi – ofbeldi og áreitni í íþróttum – vinnustofa

Lagt fram til kynningar og umræðna. Framkvæmdastjóri ÍBH tók þátt í vinnustofunni. ÍBR hélt vinnustofuna 19. september sl. í Laugardalshöll, en ÍSÍ sendi út boð á alla íþróttahreyfinguna og var vinnustofan ætluð fyrir starfsfólk, stjórnendur, þjálfara, sjálfboðaliða og iðkendur í íþróttahreyfingunni.

4. Ljósmyndakeppni dómnefnd

Samþykkt að dómnefndin, yrði einn fagmaður og tveir stjórnarmenn ÍBH, þeir Kristinn Arason og Hrafnkell Marinósson.

5. Fyrirmyndaríþróttahérað ÍSÍ fundur 20. september 2019

Framkvæmdastjóri ÍBH fundaði með Viðari Sigurjónssyni umsjónaraðila ÍSÍ um verkefnið og lagði fram lista yfir atriði sem ÍBH þarf að vinna til þess að öðlast nafnbótina „Fyrirmyndaríþróttahérað ÍSÍ“. Fundarmenn samþykktu að framkvæmdastjóri ÍBH klári ferlið að gera ÍBH að Fyrirmyndaríþróttahéraði ÍSÍ.

6. Afrekssjóður ÍBH – staðan í lok september 2019

Lagt fram til kynningar og umræðna. Yfirlit yfir styrki sem hafa verið greiddir úr sjóðnum. Afreksstyrkir, EM félagsliða 2 x kr. 800.000 = kr. 1.600.000, afreksstyrkir fullorðnir 12 x kr. 70.000 = kr. 840.000 og afreksstyrkir unglingar / ungmenni 18 x kr. 70.000 = kr. 1.260.000. Ferðastyrkir, fararstjórastyrkir 17 x kr. 80.000 = kr. 1.360.000, einstaklingar með félagsliði 75 x kr. 25.000 = kr. 1.875.000 og einstaklingar með landsliði 114 x kr. 30.000 = kr. 3.420.000. Samtals kr. 10.355.000.

7. Fjárhagsáætlun ÍBH 2020 – drög

Lögð fram til kynningar og umræðna.

8. Fjárhagsáætlun Afrekssjóðs ÍBH 2020 – drög

Lögð fram til kynningar og umræðna.

9. Afrekssjóður fyrir innra starfið í félögunum

Verkefnið rætt og samþykkt að boða til fundar í vinnunefnd næstu daga.

10. Viðbragðsteymi íþróttafélaga

Verkefnið rætt og fundarmenn sammála um að aðildarfélögin verði að bæta vinnu sína við að gera viðbragðsteymi sín og verkferla sýnilegri á heimasíðum félaganna.

Vinnunefndin fundar á næstunni.

11. Önnur mál

a). HP greindi frá því að bæjarstjórnarfundur sem nú stæði yfir væri að taka fyrir erindi Badmintonfélags Hafnarfjarðar um rekstur á Íþróttahúsinu við Strandgötu og að félagið og bærinn myndi væntanlega undirrita samning um reksturinn 27. október nk.

b). MG sagði frá því að deiliskipulag Ásvalla með fyrirhuguðu knatthúsi Hauka hafi verið tekið fyrir hjá bæjarfélaginu í heild sinni. Haukar stefna að því að byggja eitt knatthús í fullri stærð á Ásvöllum, sem verður upphitað með löglegum keppnisvelli í efstu deild.

c). KGK upplýsti fundarmenn um velgengi sundfólks Sundfélags Hafnarfjarðar sem m.a. vann alla bikarmeistararitla á nýlokinni bikarkeppni Sundsambands Íslands.

d). MG greindi frá vígsluleik í körfuknattleik í Ólafssal 3. október nk. og hvatti fundarmenn til að mæta.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.